



Nefndasvið Alþingis
Þórunn María Bjarkadóttir nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1864
komudagur 25.3.2008


Seltjarnarnesi, 18. mars 2008
2008030125/91/SG/gh

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga nr. 14/1942 um læknaáð

Fullyrða má, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, að aðstæður hafa breyst mjög á þeim 66 árum frá því lög um læknaáð voru sett. Dómsstólar leita mun oftar beint til sérfræðinga en áður enda er aðgangur að þeim auðveldur. Þekkingu innan læknisfræði hefur fleygt mjög fram á þessum árum og því ekki hægt að ætlast til þess lengur, með djúpstæðri virðingu fyrir læknaáðsmönnum, að þeir hafi á reiðum höndum þá þekkingu og reynslu sem nýst geta í dómsmálum, þó svo hafi verið áður. Reyndar hefur dregið mjög úr starfsemi læknaáðs á undanförunum árum. Jafnframt hefur Hæstiréttur fjallað um hæfi læknaáðsmanna í dómum sínum, auk þess sem úrskurður Mannréttindadómstóls Evrópu frá því í júlí 2007 tekur af allan vafa um að starfshættir læknaáðs standist ekki lengur kröfur um hæfi. Því er orðið nauðsynlegt að fella nefnd lög úr gildi og er landlækir mjög sammála því.

Nú liggja tvö mál fyrir ráðinu sem vænta má að lokið verði í apríl og er mælt til þess að lögin taki ekki gildi fyrr en læknaáð hefur endanlega lokið störfum sínum um nefnd mál.

Virðingarfyllst,


Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Alþingi nefndasvið
Þórunn María Bjarkadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31.03.2008
Tilv. 40.13
JP/gg

Umsagnir um tvö frumvörp til laga, mál 463 og 464

Landspítala hafa borist tvö bréf heilbrigðisnefndar Alþingis dags. 14. þ.m. um mál nr. 463 og 464 um læknaáð og breytingu á lyfjalögum.

Um mál 463.


Löngu er tímabært að fella úr gildi lög 19/1942 um læknaáð. Aðstæður í íslensku samfélagi voru allt aðrar þegar lögin voru samþykkt og löngu tímabært að afnema þessi lög. Mælt er með samþykki frumvarpsins.

Um mál 464.

Um er að ræða breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994. Sérfræðingar LSH á þessu sviði hafa skoðað frumvarpið auk þess sem lyfjanefnd hefur fallað um það. Það er einróma álit LSH að samþykkja beri mál 464. Bent er á að í 9. gr. frumvarpsins er tvítekning í texta 1. ml. og 3. ml. Að þessu þarf að huga.

Samkvæmt framanrituðu mælir LSH með framgangi mála 463 og 464.

Virðingarfyllst



Magnús Pétursson, forstjóri



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 135/197/
komudagur 2.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 31. mars 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um lækna ráð

Læknafélag Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Félagið gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 135/1865
komudagur 25.3.2008



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

RÍKISLÖGMAÐUR

Hverfisgötu 6 4. hæð 150 Reykjavík
sími: 545 8490 bréfasími: 562 9280
kennitala: 600186 1759

Reykjavík 18. mars 2008
Tilv.: RLM08030015/03.4

Visað er til bréfs yðar til ríkislögmans, dagsett 14. mars 2008. Í bréfi yðar er óskað eftir umsögn ríkislögmans um frumvarp til laga um brottfall laga um lækna ráð, 463. mál.

Í tilefni af ósk yðar sendist yður hjálagt bréf ríkislögmans til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dagsett 6. nóvember 2007. Þar er lýst þeirri skoðun ríkislögmans að lög nr. 14/1942 um lækna ráð þjóni ekki lengur tilgangi sínum og því sé eðlilegt að fella þau úr gildi. Þessi niðurstaða er nánar rökstudd í bréfinu.

Með vísan til framangreindrar afstöðu lýsir ríkislögmaður sig samþykkan frumvarpinu.

Virðingarfyllt,


Skarphéðinn Þórisson hrl.



Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Vegmúla 3
150 Reykjavík.

RÍKISLÖGMAÐUR

Hverfisgötu 6 4. hæð 150 Reykjavík
sími: 545 8490 bréfasími: 562 9280
kennitala: 600186 1759

Reykjavík 06. nóvember 2007
Tilv.: RLM07110001/03.4

Vísað er til bréfs yðar til ríkislögmanns, dagsett 30. október síðastliðinn, þar sem óskað er eftir umsögn ríkislögmanns um drög að frumvarpi til laga um brottfall laga um lækna ráð.

Ríkislögmaður telur að lög nr. 14/1942 um lækna ráð hafi nú runnið skeið sitt á enda. Lögin voru upphaflega miðuð við aðrar aðstæður og lagaumhverfi eins og réttilega er bent á í athugasemdum með fyrirhuguðu frumvarpi um brottfellingu laganna. Það hefur líka mátt greina nú um nokkurn tíma að dómstólar sæu tormerki á því að afla sérfræðilegs álits lækna ráðs í einkamálum. Til dæmis virðist Hæstiréttur Íslands hætta að óska eftir umsögnum lækna ráðs en gefur málsaðilum þess í stað færi á að afla matsgerða dómkvaddra matsmanna. Við þessar aðstæður telur ríkislögmaður ljóst að lögin þjóni ekki lengur tilgangi sínum og sé því eðlilegt að fella þau úr gildi.

Ríkislögmaður vekur athygli á því að samkvæmt athugasemdum við frumvarpið hefur ekki verið leitað umsagnar ríkissaksóknara. Samkvæmt 2. gr. lækna ráðslaga nr. 14/1942 getur ákærvaldið leitað umsagnar lækna ráðs á sama hátt og dómstólar og stjórn heilbrigðismála. Að mati undirritaðs væri eðlilegt að gefa ríkissaksóknara kost á að tjá sig um fyrirhugaða brottfellingu.

Virðingarfyllt,

Skarphéðinn Þórisson hrl.